

Nd.

628. Nefndarálit

[70. mál]

um frv. til l. um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til ítarlegrar meðferðar. Leitað var til þeirra mörgu sem tjáðu sig um frv. á s. l. vori auk nokkurra annarra aðila og voru langflestir, sem svöruðu, sammála um nauðsyn slíkrar löggjafar sem þessarar.

Á fund nefndarinnar komu m. a. sumir þeirra sem unnu að samningu frumvarpsins og veittu nefndinni upplýsingar og aðstoðuðu við endanlega gerð þess. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingum. Eru brtt. nefndarinnar fluttar á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn eru með fyrirvara um það ákvæði brtt. sem fjallar um markaðan tekjustofn til tóbaksvarna.

Reykjavík, 12. apríl 1984.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Guðmundur Bjarnason, með fyrirvara.	Guðrún Helgadóttir.	Jón Baldvin Hannibalsson.